

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. mars 2015

Efni: Umsögn laganefndar LMFÍ vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, með síðari breytingum (meðferð og ráðstöfun eigna veiðifélaga), lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014-2015.

Vísað er til tölvuskeytis frá nefndasviði Alþingis hinn 29. febrúar 2015, þar sem að laganefnd Lögmannafélags Íslands var boðið að skila umsögn um ofangreint frumvarp. Í tilefni af bréfinu beinir laganefnd Lögmannafélags Íslands eftirfarandi erindi til nefndarinnar.

Laganefnd telur að æskilegt geti verið að gera þá breytingu sem frumvarpið stefnir að. Með henni er fjárhagslegt óhagræði af skylduaðild veiðiréttarhafa að veiðifélögum minnkað.

Má því ætla að frumvarpið dragi úr líkum þess að skylduaðildin verði talin andstæð 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, standi yfirleitt líkur til þess. Ennfremur að óhagræði staks félaga að veiðifélagi, sem vill standa í vegi fyrir fjárhagslegri nýtingu eigna félagsins, sé léttara á vogarskálum 2. mgr. 74. gr. en óhagræði hinna sem eru sviptir arði af eign sinni fyrir mótmæli eins skyldufélaga síns.

Laganefnd telur þó hugsanlega mega skýra nánar í nefndaráliti orðalag ákvæðisins um að „ráðstafa“ eignum. Þannig gæti verið rétt að taka fram að með þessu séu veiðifélaginu ekki heimilt að stunda sjálft atvinnurekstur utan veiðitíma, heldur sé fyrst fremst horft til útleigu eigna.

Eins má velja fyrir sér hvort orðin „og þá til skyldrar starfsemi“ takmarki um of ráðstöfunarheimild veiðifélags. Þannig mætti e.t.v. taka fram, til öryggis, að við sé átt þá skyldu starfsemi „sem veiðifélagið sjálft nýtir eignina til.“ Með því væri öruggt að heimild veiðifélags næði til að leigja veiðihús til veitingareksturs og gistingar utan veiðitíma, a.m.k. hafi veiðifélagið veiðihúsið til slíkra þarfa meðan á veiðitímabilinu stendur.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands,

Reimar Pétursson hrl., formaður